

Alþingi
Eriundi nr. D 140/2301
komudagur 7.5.2012

Athugasemd v/Rammaáætlun

Sóley Valdimarsdóttir [soleyvald@gmail.com]

Sent: 7. maí 2012 19:23

Viðtakandi: Nefndasvið umsagnir

Ég, Sóley Valdimarsdóttir (kt. 011184-4210), geri alvarlegar athugasemdir við að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk í Rammaátætlun og tel því betur borgið í verndarflokk. Þetta svæði er í næsta nágrenni höfuðborgarinnar sem almenningur og ferðamenn geta notið með lítilli fyrirhöfn. Þess má geta að um 120 þúsund ferðamenn komu á svæðið síðasta sumar.

Sömuleiðis ættu Eldvörp skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess ætti ekki að hrófla við umhverfi gígaraðarinnar sjálfrar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, sambærilegt við Lakagíga.